



Vesturbæjarútibú við Hagatorg

**PANTAÐU
Á NETINU**

www.dominos.is sími 58-12345



Gert er ráð fyrir að setja rúmlega 500 milljónir króna í stækkun og endurbætur á íþróttamiðstöðinni.

Ný og stórbætt íþróttamiðstöð

Út er kom itarleg skýrsla unnin af undirbúningshópi um stækkun fimleikahúss sem skipuð var af bæjarstjóra Seltjarnarness í maí 2009. Vinnunni stýrði Lárus B. Lárusson formaður ÍTS en gott samráð var við stjórnendur Gróttu. Meginverkefni hópsins var að vinna forsögn og móta tillögur að hvernig best yrði staðið að endurbótum aðstöðu til íþróttaiðkunar á Seltjarnarnesi til framtíðar og koma allri starfsemi fimleikadeildar Gróttu undir eitt þak.

Hlutverk hópsins fólst einnig í

því að vinna að stefnumótun, fá heildarsýn og kostnaðargreiningu á verkefnið, vinna tillögur með helstu hagsmunaaðilum og jafnframt að vera bæjarstjóra til ráðgjafar.

Í skýrslunni eru frumdrög teikninga, rýmisáætlun og frumkostnaðaráætlun unnin af ASK arkitektum ehf. Helstu rök hópsins fyrir stækkun fimleikahússins felast í því að með henni fái full lögleg lengd á hlaupabraut í húsinu auk þess að mun rýmra verður um alla æfingaaðstöðu.

Framhald á bls. 2

SELTJARNARNESBÆR

www.seltjarnarnes.is

OPÍÐ
ALLAN sólarhringinn
á Eiðistorgi

Sundagörðum 2 **MIDBORG** fasteignasala Sími: 533 4800

Vegna mikillar eftirspurnar eftir eignum á Seltjarnarnesi óskum við eftir eignum í sölu.

Góður sölutími framundan.

- Sölumat án skuldbindingar
- Persónuleg þjónusta
- Myndataka af atvinnuljósmyndara
- Vönduð sölugögn
- Sanngjarn sölukostnaður

Hafið samband við Gylfa Þórisson sölustjóra í síma **822-0700** eða á netfangið **gylfi@midborg.is**

Gylfi Þórisson
Sölustjóri

Björn Þorri Viktorsson
Hfl. og Löggr. Fasteignasali

Slökkvitækjaþjónustan

564 1433

Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur

Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leitið tilboða!



Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Þú getur tengst Netbankanum þínum í gegnum farsímamann.



Skannaðu kóðann til að sækja „appið“ frítt í símann.



Þú færð nánari upplýsingar á www.islandsbanki.is/farsiminn



Hafðu bankann með þér



Íslandsbanki

NES FRÉTTIR

ÚTGEFANDI: Borgarblöð, Vesturgötu 15, 101 RVK. S: 511 1188 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMAÐUR: Kristján Jóhannsson • BLAÐAMAÐUR: Þóroddur Ingimarsson

UMBROT: Valur Kristjánsson • NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

www.borgarblod.is

Leiðari

Seltjarnarneshreppur hin forni

Í Seltirningabók sem gefin var út árið 1991 kemur fram að Seltjarnarneshreppur hin gamli hafi náð að Mosfellsbæ uppí Bláfjöll og að Garðabæ. Síðan missti hreppurinn hverja jörðina á fætur annarri í gegn um árin. Fyrst Lauganes og Klepp árið 1894. Breiðholt, Bústaðarhverfið og Eiði 1923. Skildinganesið árið 1932 en það var tekið af Seltjarnarneshreppi með lögum frá Alþingi. Elliðavatn og Hólmur fóru 1943 og Kópavogur 1948.

Nú eru Reykvíkingar að agnúast út í Seltirninga vegna þess að þar er útsvarið lægra og fasteignagjöldin lægri en í Reykjavík. Þeir segja að Seltirningar noti þjónustu Reykjavíkurborgar sem Seltjarnarnesbær borgi ekkert fyrir og hafa áhuga á að sameina sveitarfélögin.

Vissulega má huga að sameiningu þessara sveitarfélaga. En væri þá ekki best að endurvekja Seltjarnarneshrepp hin forna á ný þar sem Seltjarnarnes myndi endurheimta sín gömlu landsvæði?

Góður frágangur

Nú er verið að laga götur og gangstéttir á Seltjarnarnesi. Þetta virðist vera ótrúlega vel heppnuð framkvæmd. Gangstéttirnar eru hellulagðar með frekar smáum hellum sem samsvara sér einkar vel og er þetta framtak til fyrirmyndar hjá bæjarfélaginu. Verið er markvist að taka allt gatna- og gangstéttarkerfið á Seltjarnarnesi í gegn.

K



Framhald af forsíðu.

Fyrirhuguð stækkun býður fyrst og fremst upp á gott æfingahús en er ekki hugsað sem fullkomið keppnishús. Fimleikadeild Gróttu er að mati hópsins komin að þolmörkum. Hún getur ekki stækkað eða aukið árangur sinn við þær aðstæður sem hún býr við í dag. Ekki er unnt að fjölga iðkendum þar sem salurinn ber það ekki á háannatíma og undanfarin ár hefur afreksfólk Gróttu því þurft að leita í æfingaaðstöðu annað. Með bættri aðstöðu þarf síður að færa áhöldin til, en slíkt styttrir notkun-

armöguleika þeirra. Íþróttahúsið hefur liðið fyrir búningsaðstöðu og leggur hópurinn til að bætt verði úr því. Fimleikadeild Gróttu starfrækir einu fimleikadeildina í vesturhluta höfuðborgarsvæðisins en næst staðsetningu hennar er starfsemi in í Laugardalshöll. Hópurinn segir einnig í skýrslunni að núverandi starfsaðstaða fimleikadeildarinnar sé löngu sprungin og ef ekki verður brugðist við verði óhjákvæmilega hnignun í starfi hennar. Nú liggur fyrir að taka skýrsluna til skoðunar og umræðu í bæjarstjórn. Gert er ráð fyrir að þessi framkvæmd muni kosta rúmlega 500 milljónir króna.

Bærinn samþykkir tilboð Stólpa

Seltjarnarnesbær hefur samþykkt að taka tilboði Stólpa ehf. í leigulóðarréttindi og byggingarétt fyrir fjölbýlishús á Hrólfsskálamel 1-7. Tilboðið hljóðaði upp á 280 milljónir króna.

Stólpar standa enn í framkvæmdum á Hrólfsskálamel 10-18 og gert er ráð fyrir að húsið verði

uppsteypt í desember að sögn Guðna Rafns Eiríkssonar, eins eigenda Stólpa. Íbúðir þar verði settar á sölu á næstunni.

Félagið vinnur enn að því að fjármagna byggingu fjölbýlishússins sem það hyggst reisa á Hrólfsskálamel 1-7 og er kauptilboðið á lóðinni háð því skilyrði að það takist.

Legsteinar og fylgihlutir

Frí uppsetning á höfuðborgarsvæðinu og frí sending út á land á öllum keyptum legsteinum

Mikið úrval - Gerið verðsamanburð



Steinsmiðjan Mosaik

Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík - sími 587 1960 - www.mosaik.is

Fiskisúpa
Humarsúpa

Iceland's Finest humar- og fiskisúpan eru framleiddar úr besta fílanlega hráefni. Einstaklega ljúffengar, bragðgóðar og tilbúnar til upphitunar. Fljótlegt og þægilegt.

FRYSTIVARA FÆST Í NÆSTU VERSLUN

TILBOÐIN GILDA 26. SEPTEMBER - 13. OKTÓBER

HAFÐU ÞAÐ
HÖLLT
HEILSUDAGAR
Í NETTÓ



LJÚFFENG, LÍFRÆNT VOTTUÐ,
BLÖNDUÐ TE SEM HENTA VIÐ
ÖLL TILEFNI

Snore and Peace | After Dinner | Love me Truly | Rise and Shine | Cloud Nine | Zen Again



ISOLA BIO JURTAMJÓLK

Lifränu Isola Bio jurtamjólkir eru einstaklega bragðgóðar og henta vel í þeytinginn, út á grautinn, í baksturinn og til drykkjar. Rismjólkinn er úr hágæða lifrænt vottuðum ítölskum hýðishrisgrjónum.

MÖNDLU
MJÓLK

Vissir þú að
Trönuberjasafi. Healthy People
er sættur á náttúrlegan hátt?!

Little Miracles eru
lifræn orkuskiot með
acain & gingseng!



Allar vörur
frá Arka
-25%

Firefly safarnir eru ávaxtasafar
með náttúrlegum jurtum sem
gefa auk orku!



Söfum - 25%

www.netto.is

FULLUR AF
FRÁBÆRUM
TILBOÐUM!

ALLT FYRIR
FORMIÐ

Handlóa 2x1kg 1.498 kr.
Jafnvægisbretti 2.998 kr.
Jógamotta svört 1.798 kr.
Lóðasett krómað 3.998 kr.
Sippuband m/tejlara 998 kr.
Upphifingaslá 2.998 kr.
Æfingabönd 3pk 1.798 kr.
Æfingateygjur 3pk 2.398 kr.
Armbeygiustandar 2.398 kr.
Erobikkpallar 4.998 kr.

Stuttermabolur
herra 2.498 kr.

Toppur
dömu 2.598 kr.

Hlaupabuxur
herra 4.998 kr.

Þróttabuxur
dömu 4.598 kr.

Æfingabolur
dömu 3.498 kr.

Stuttermabolur
dömu 3.998 kr.

Hlaupabuxur
dömu 4.998 kr.

Boxer
herra 1.598 kr.



HOLLT
& GOTT

ÝSUFLÖK - ÖNKAR
RÖÐ OG BENLAUS
VERU NÚ
1.188
VAR 1.398 VSD HG

netto *hallusta*

MUNIÐ
HEILSU
BÆKLINGINN!

netto *hallusta*

Heimsókn frá Malaví



Ráðuneytisstjóri í menntamálaráðuneyti Malaví, Anjimile Oponyo og Gunnar Salvarsson kynningarfulltrúi Þróunarsamvinnustofnunar Íslands komu í heimsókn í Mýrarhúsaskóla nýverid. Heimsóknin var í tilefni af kynningarátaki um gildi þróunarsamvinnu í menntun.

Mýró hefur í gegnum tíðina átt mikil tengsl við Namaziziskólann sem er vinaskóli Mýrarhúsa-

skóla. Ráðuneytisstjórinn gekk um skólann í fylgd Ólínu skólustjóra, Margrétar og Árna sem öll hafa heimsótt vinaskólann og Árni fór á sérstakt útskurðarnámskeið sl. vor hjá helsta útskurðarmeistara landsins. Hún gekk um skólann, leit við í nokkrum kennslustofum og skoðaði myndir á göngum skólans sem Árni hefur tekið á ferðum sínum um Malaví.



Sjálfsafgreiðsluvél í bókasafninu

Bókasafn Seltjarnarness tók í vikunni til notkunar nýja og afar einfalda sjálfsafgreiðsluvél. Við það tilefni var tekin mynd af fyrsta viðskiptavininum, sem færði sér þjónustu hennar í nyt, en það var Viðar Hjartarson sem sagðist hæstánægður með viðmótið.

Auk þess að hafa yfir sér léttara yfirbragð en fyrri sjálfsafgreiðsluvélar býður vélin upp á fleiri valkosti, sem felast m.a. í því að hægt er að

skila og sækja gögn án þess að vera með bókasafnsskírteinið á sér. Ef svo ber undir þarf notandinn að slá inn kennitölu og síðan lykilorðið sem tengt er bókasafnskortinu og getur þá afgreitt sig sjálfur. Með þessari viðbót er öllum gert kleyft að sinna erindum sínum hjálparlaust. Þess má geta að Bókasafn Seltjarnarness er í samstarfi við Borgarbókasafn Reykjavíkur og Bókasafn Mosfellsbæjar um lán og skil á bókum.



Athöfn

ÚTFARARÞJÓNUSTA

Vönduð og persónuleg þjónusta

Sími: 551 7080 & 691 0919



Inger Steinsson



Inger Rós Ólafsdóttir

ATHÖFN ÚTFARARÞJÓNUSTA - athofn@athofn.is - www.athofn.is

Orð af orði

Grunnskóli Seltjarnarness vinnur á þessu skólaári að þróunarverkefni er nefnist Orð af orði. Markmiðið með verkefninu er að efla orðaforða, lesskilning og námsárangur grunnskólabarna með því að efla málumhverfi nemenda, kenna nemendum markvissar aðferðir við að sundurgreina texta og orð og greina merkingu hugtaka.

Nemendur fá einnig þjálfun í að kortleggja aðalatriði og endurbirta

efni á fjölbreyttan hátt. Verkefnið er læsisverkefni sem hefur góðan samhljóm við Byrjendalæsi, verkefni sem skólinn hefur unnið að undanfarin ár. Vonir standa til að Orð af orði skili sér inn í allar námsgreinar og verði hluti af kennslu til lengri tíma lítið. Kennarar skólans hafa sótt námskeið í tengslum við verkefnið Orð af orði og njóta ráðgjafar frá Háskólanum á Akureyri einu sinni í mánuði út skólaárið.

Komdu í afmæli

Tapas barinn er 13 ára og þér er boðið í veisluna 21. og 22. október

Afmælistilboð

10 vinsælustu réttir Tapas barsins	590 kr./stk.
Codorníu Cava-glas	490 kr./stk.
Peroni, 330 ml	590 kr./stk.
Léttvínsglas, Campo Viejo	690 kr./stk.

Allir fá ljúffenga og margrómaða súkkulaðiköku Tapas barsins í eftirrætt.

Afmælisteikurinn er hafinn

Komdu og taktu þátt í léttum leik. Þú gætir unnið ferð til Tenerife eða einhvern fjölmarga aukavinninga.

TAPAS BARINN HINN EINI SANNI Í 13 ÁR



RESTAURANT-BAR
Vesturgötu 3B | 101 Reykjavík | Sími 551 2344 | www.tapas.is



Stólpur

Hrólfsskálamelur 10-18



Svona á lífið að vera

Þægindi og öryggi eru lykilorðin í hönnun íbúðanna á Hrólfsskálamel. Þú finnur það allt frá því að þú leggur bílnum í rúmgott bílastæði í björtum og hljúm bílajakallara og þar til þú sest með kaffibollann á rúmgóðum svölum.

Íbúðunum verður best lýst sem einbýli í fjölbýli. Fáar, vel skipulagðar íbúðir í hverjum stigagangi og fáir um hverja lyftu. Að innan skarta íbúðirnar mikilli lofthæð og gólfisðum gluggum. Útsýnið er einstakt, yfir Reykjanesið um suðurgluggana og Faxaflóann með fjallgörðum sínum til norðurs.

Öll þjónusta og verslun er í göngufæri og eitt fegursta útivistarsvæði landsins innan seilingar.



Gróttu er einstakur staður og ómetanlegt að í jaðri borgarinnar sé hægt að njóta slíkrar náttúrufegurðar og kyrrðar. Gönguferðir, hlaup eða hjólatúrur með viðkomu við Gróttu og jafnvel sjósundi eru nærandi fyrir líkama og sál. Í göngufjarlægð frá Hrólfsskálamel er Sundlaug Seltjarnarness og líkamsræktarstöð World Class.

Þar er hægt að taka vel á því eða láta þreytuna líða úr sér í góðum félagsskap. Í næsta nágrenni eru matvöruverslanir, vínubúð, bókasafn, heilsugæsla og grunn- og leikskólar. Miðbær Reykjavíkur er aðeins í nokkurra mínútna akstursfjarlægð.

Yst á Seltjarnarnesi er einn fegursti golfvöllur landsins þótt víðar væri leitað. Aðstaða og umhverfi er til fyrirmyndar og ekki skemmir fyrir að golfvöllurinn er fimm mínútna bíltúr frá Hrólfsskálamel. Svona á lífið að vera.

F A S T E I G N A S A L A N Við erum við símann

MIKLABORG 569 7000

www.miklaborg.is

Síðumúla 13 108 Reykjavík

Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggitillir fasteignasalar



Nánari upplýsingar veitir
Ólafur Finnbogason, Sölufultrúi
olafur@miklaborg.is sími: 822 2307



Óskar R. Harðarson
hdl. og löggitillur fasteignasali

MIKLABORG

- með þér alla leið -

569 7000

Miklar byggingaframkvæmdir á Nesinu og í Vesturbæ

Miklar byggingaframkvæmdir eru á döfnni eða þegar hafnar á vesturhluta höfuðborgarsvæðisins einkum í vesturhluta Vesturbæjar Reykjavíkur og á Seltjarnarnesi. Má þar nefna Hrólfsskálamel þar sem framkvæmdir eru hafnar en einnig í Lambastaðahverfinu á Seltjarnarnesi. Þá munu stórfamkvæmdir hefjast á hinn svonefndu Lýsislóð vestan við JL húsið inna tíðar og framkvæmdir eru þegar hafnar við Mýrargötu ofan Vesturhafnarinnar í Reykjavík.

Ólafur Finnbogason hjá fasteignasöluhlutunni Mikluborg sagði í spjalli við Nesfréttir að miklar breytingar væru að eiga sér stað í byggingaframkvæmdum eftir nokkra stöðnun á undanföllum árum. Einnig sé nú verið að byggja eða undirbúa byggingar á svæðum þar sem lítið hafi verið byggt um langan tíma. Á Seltjarnarnesi og í vesturhluta gamla Vesturbæjarins í Reykjavík. „Á Nesinu erum við að tala um Hrólfsskálamel 10 til 18. Þar er verið að byggja 30 íbúðir með góðri lofthæð og eru íbúðir frá 90 fermetrum og upp úr getum við sagt. Þetta verða vandaðar eignir á góðum stað á Nesinu og af þessum 30 íbúðum eru fjórar þegar seldar. Sunnar á Seltjarnarnesi eða við Skerjabrautina er verið að hefja byggingu 23 íbúða í fjölbýli. Þetta eru fjölskylduvænni íbúðir og eru án bílakjallara og gefa yngra fólki betri möguleika til íbúðakaupa. Íbúðir af þessari stærð hefur vant að á Seltjarnarnesi og skortur á heppilegu húsnæði fyrir yngra fólk og fólk með börn hefur orðið til þess að það hefur leitað annað. En á næsta ári er búist við stærsta árgangi í fyrsta bekk Mýrarhússkóla í 10 ár svo börnum á Nesinu er aftur farið að fjölga, eins og einnig er að gerast í Vesturbænum, eins og Grandaskóla.“

Lítið byggt á liðnum árum

Ólafur bendir á að lítið hafi verið byggt af nýju húsnæði á Seltjarnarnesi það sem af er þessari öld fyrr en nú. „Eiðismýrin var byggð á tíunda áratugnum en síðan hefur ríkt ákveðin stöðnum í byggingaframkvæmdum og ekkert fjölbýli verið byggt utan ÍAV blokkina á Hrólfsskálamel 2 til 8 þar sem hægði á framkvæmdum árið 2008 en nú er búist í öllum íbúðum nema fjórum í því húsi. Einnig

er skipulögð lóð númer 1 til 7 á Hrólfsskálamelnum sem mun rísa á næstu árum. Þessar framkvæmdir gætu skilað hátt í 100 nýjum íbúðum á Seltjarnarnesi á næstu fjórum til fimm árum. Svo eiga Seltirningar byggingasvæði við Bygggarða sem lengi hefur verið í umræðunni. Þar er umtalsvert rými en eftir að ganga frá ýmsum undirbúningi áður en hægt verður að hefjast handa. Þó má gera ráð fyrir að þetta svæði komi til bygginga innan 10 ára.“

Líka byggð í gamla Vesturbænum

Talið berst að byggingasvæðum handan bæjarmarkanna – í gamla Vesturbænum í Reykjavík. „Á því svæði er stefnt að mikilli uppbyggingu. Í því sambandi er rétt að nefna Lýsisreitinn svokallaða vestan við JL húsið þar sem Lýsi var á árum áður. Þar er áformað að byggja 142 íbúðir. Þessar íbúðir



Skerjabraut 1-3 (Íðunnarreiturinn), þar mun rísa fjölbýlishús með 23 íbúðum.

hafa nú þegar vakið mikinn áhuga þótt framkvæmdir séu vart hafnar sem sýnir hversu mikil þörfin fyrir nýtt húsnæði er á þessum slóðum. Íbúðirnar við Boðagrandu eru líklega síðustu íbúðirnar sem byggðar voru í Vesturbænum fyrir utan Þorragötuna en þar eru eingöngu

íbúðir fyrir eldri borgara. Einnig er verið að byggja 66 íbúða hús við Mýrargötuna sem er mjög eftirsóknarverður staður. Líklega verður svo ráðist í byggingaframkvæmdir á SÍF reitnum við Keilugrandu, innan tíðar sem og fleiri íbúðir á svæðinu í nágrenni Mýrargötu.



Snjallt að kíkja á okkur á adal.is



HJÁ AÐALSKOÐUN ERT ÞÚ Í GÓÐUM HÖNDUM

Við erum með fjórar skoðunarstöðvar á höfuðborgarsvæðinu og eina í Reykjanesbæ. Paulreyndir og þjónustuliprir fagmenn taka á móti þér á þeim öllum. **Hlökkum til að sjá þig!**

Adalskodun, faggildur skoðunaraðili í 19 ár

Við getum minnt þig á þegar þú þarft að láta skoða bílinn á næsta ári. Skráðu þig á póstlistann hjá okkur þegar þú kemur með bílinn í skoðun og þú gætir unnið 200 lítra eldsneytisúttekt.

Opið kl. 8-17 virka daga – sími 590 6900

Adalskodun

Reykjavík
Grjótháls 10
Sími 590 6940

Reykjavík
Skeifunni 5
Sími 590 6930

Hafnarfjörður
Hjallhrauni 4
(við Helluhraun)
Sími 590 6900

Kópavogur
Skemmuvegi 6
(bleik gata)
Sími 590 6935

Reykjanesbær
Holtsgötu 52
(við Njarðarbraut)
Sími 590 6970

www.adalskodun.is og www.adal.is





Velkomin í Íslandsbanka á Eiðistorgi

Við bjóðum í kaffi

Við bjóðum alla gamla og nýja viðskiptavini velkomna í útibú Íslandsbanka á Eiðistorgi. **Föstudaginn 11. október** verður opið til kl. 17 í tilefni af menningardögum á Seltjarnarnesi. Við bjóðum upp á kaffi og með því allan daginn og lífgum upp á tilveruna með lifandi tónlist. Glæðningur í boði fyrir öll börn sem koma að tæma sparibaukinn.

Verið velkomin!

Þitt fólk hjá Íslandsbanka

Útibú Íslandsbanka á Eiðistorgi þjónar íbúum Seltjarnarness og Vesturbæjar. Starfsfólk okkar leggur metnað í að veita framúrskarandi þjónustu.



Finndu okkur á Facebook.
www.facebook.com/Islandsbanki.Eidistorgi

Við bjóðum
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000


Íslandsbanki

Viðtal við Soffíu Karlsdóttur

Seltjarnarnes er menningarbær

Menningarhátíð verður haldin á Seltjarnarnesi um komandi helgi. Þar kennir margra grasa en nýmæli er að þessu sinni hversu fjölbreytt hátíðin er og ekki síður lögð áhersla á skemmtun og skapandi umhverfi en hin klassísku listform. Hátíðin er haldin að frumkvæði menningarsviðs bæjarfélagsins en það nær yfir málefni Bókasafns Seltjarnarness, Fræðaseturs í Gróttu og Náttúrugripasafns. Soffía Karlsdóttir sviðsstjóri menningar- og samskiptasviðs segir að þessi leið hafi verið valin til þess að bjóða upp á fjölbreytta menningarupplifun. Soffía er menntuð í tónlist og menningar- og menntastjórnun og hefur starfað að menningarmálum um langt skeið bæði hjá Listasafni Reykjavíkur, Íslensku Óperunni, Reykjavík Menningarborg, RÚV og fleirum. Hún hefur búið á Nesinu um rúmlega tveggja áratuga skeið. Nesfréttir litu við hjá henni í líðinni viku til að forvitnast aðeins um hana sjálfa, menningarbæinn Seltjarnarnes og væntanlega menningarhátíð.

Fyrsta spurningin sem reifuð var við Soffíu var hvort hún væri innfæddur Nesbúi. „Nei – ég er ekki innfædd hér á Seltjarnarnesi en ég er búin að búa hér í rúma tvo áratugi. Ég kom hingað 1991 þegar við hjónin, ég og maðurinn minn Gunnar J. Arnason, festum kaup á íbúð við Miðbrautina. Börnin okkar þrjú eru öll fædd á Seltjarnarnesi og geta því talist innfæddir Nesbúar en við erum bæði aðflutt. Við vorum ekkert endilega að stefna á Seltjarnarnes en þó vesturhluta höfuðborgarsvæðisins þegar íbúðin við Miðbrautina kom upp í hendurnar á okkar. Við létum slag standa. Síðar fluttum við á Lindarbrautina og höfum ekki séð eftir því að hafa flust hingað. Börnin okkar þrjú hafa blómstrað hér og það vil ég þakka frábærum grunnskóla og ekki síst tónlistarskóla. Öll hafa þau numið þar. Elsti sonur minn, Árni



Freyr er píanóleikari og stundar nú tónsmíðanám í Milanó, og báðar dæturnar, Sunneva og Júlía, eru að læra á píanó með öðru námi þannig að það er nóg tónlistarlífið á heimilinu.“ Soffía segir að mörgu leyti einstakt að búa á Nesinu. „Mér finnst það vera forréttindi. Seltjarnarnes er ákaflega barnvæn byggð. Allar vegalengdir eru stuttar og skólarnir og íþróttastaðan er miðsvæðið þar sem allar gönguleiðir eru stuttar. Við búum þannig við meira öryggi að þessu leyti en annarstaðar þar sem börnin þurfa að fara um lengri veg í skóla eða til íþróttaiðkana og tómstundastarfs. Í raun og veru þurfa krakkarnir ekki að sækja neitt út fyrir bæinn ef því er að skipta. Ég get líka bent á gott samstarf á milli skólastofnana sem er mjög gott fyrir krakkana. Þau alast upp í miklu öryggi og nálægðin auðveldar margt bæði í daglegu starfi skólans og einnig í hinu daglega uppeldi heima fyrir. Þá finnst mér vega sérlega þungt hversu mikil fyrirmyndar ungmennti við eigum

hér á Nesinu, en samkvæmt árlegum könnunum sýna niðurstöður að hér eru reykingar óþekktar meðal grunnskólanema og önnur vímuefnaneysla fyrirfinnst ekki. Þetta er afar eftirsóknarvert fyrir barnafólk.“

Samheldnin meiri en í stóru byggðunum

Soffía segir að fegurðin sé nærandi í litlu samfélagi og það eigi vel við um Seltjarnarnes. „Nesið minnir að nokkru leyti á þorp eða bæ úti á landi þótt margt sé með öðrum hætti en í hefðbundnum sveita- og sjávarbyggðum. Samheldnin er meiri en í stóru byggðunum og þegar ég fór að vinna fyrir bæjarfélagið þá áttaði ég mig betur á hversu innviðir bæjar- og samfélagsins eru sterkir. Þótt ég sé aðkomumaður þá áttaði ég mig fljótt á því að hluti þessarar samfélagsvitundar og samheldni sem einkennir Nesið á rætur í sögu þess. Mér fannst einstakt að upplifa hversu vel tókst til á 17. júní hátíðarhöldunum, sem

ég fékk leyfi til að færa út í Bakka- garð. Allir sem komu að máli við mig sögðu þetta vera mjög jákvætt skref og ég vona að í framtíðinni verði hátíðin þar. Fjöldinn var mikill og þátttaka í viðburðum góð, þrátt fyrir að veðrið léki ekki við okkur. Ég verð líka að minnst á bæjarhátíðina sem haldin var í fyrsta skipti í ágúst lok. Hún setti mjög skemmtilegt yfirbragð á bæinn, hún var drifin áfram af kraftmiklu fólki og ég vona svo sannarlega að hún eigi eftir að eflast og þéttast.“

Seltjarnarnes sjálfssprottin menningarbær

En að menningunni. Er Seltjarnarnes sjálfssprottinn menningarbær? Soffía segir svo vera og bendir á að Seltjarnarnes hafi komið einna best út miðað við önnur sveitarfélög í könnunum Gallup þar sem spurt hafi verið um menningarmál. „Mér finnst gaman að hafa tekið við svona góðu búi. Það er gaman að koma til starfa í samfélagi þar sem eins jákvæðir straumar eru til staðar og á Seltjarnarnesi og gott að finna þann meðbyr sem maður hefur í daglegum störfum. Hér eru vissulega góðir hlutir að gerast.“ Soffía hefur margháttaða reynslu úr menningartengdu starfi. „Ég hef unnið að menningarmálum alla tíð síðan ég var í MR. Á þessum tíma hef ég eignast gott tengslanet og fengið innsýn í flest svið menningarinnar. Ég starfaði á sínum tíma með Stúdentaléikhúsinu, vann um tíma við Íslensku Óperuna og sat í stjórn hennar um nokkurt skeið. Ég kom stuttlega að þáttagerð hjá RÚV, var blaðamaður um nokkurra ára skeið, en starfaði lengst af hjá Listasafni Reykjavíkur. Þar öðlaðist ég dýrmæta þekkingu og innsýn í heim myndlistar, sem ég er afar þakklát fyrir. Ég hef alltaf haft mörg járn í eldinum. Eftir tónlistarnámið tók ég diplómunám í rekstrar- og viðskiptafræði með vinnu. Fór síðan í meistaranám í menningar- og menntastjórnun, í hundrað prósent vinnu og með þrjú

16 ára reynsla og þekking í sölu fasteigna

www.frittsoluverdmat.is

ANDRI SIGURÐSSON
Löggiltur fasteignasali

s. 690 3111



lítil börn. Það var nokkuð strembið en kenndi mér öguð vinnubrögð og að takast á við mikið álag. Mér finnst þessi fjölbreytti ferill og menntun nýttast mér vel í starfi mínu fyrir Seltjarnarnesbæ og það er virkilega gaman að takast á við það sem ég er að gera þessa dagana og ég vona að Seltirningar geti notið góðs af.“

Bókasafnið á mikla möguleika

Talið berst að bókasafninu á Eiðistorgi sem Soffía segir vera hinu eiginlegu menningarmiðstöð á Seltjarnarnesi. Hún segir Seltirninga eiga fallett bókasafn sem eigi sér mikla möguleika. „Ég held að safnið geti þróast enn frekar úr hinu hefðbundna hlutverki almenningsbókasafns í alhlíða menningarmiðstöð. Ég hef mikinn áhuga á að nýta sýningarsalinn Eiðisker betur en gert hefur verið. Bókasófn hafa tekið miklum breytingum í takt við nýja tækni og tíma og ég held að nauðsynlegt sé að fylgja eftir þeirri þróun. Miðað við þá starfsemi sem fram fer á mörgum bókasöfnum í dag þá er heitið bókasafn ekki réttnefni og getur kannski í sumum tilfellum verið takmarkandi. Ég sé Bókasafn Seltjarnarness fyrir mér sem miðstöð þar sem þverskurður af allri menningu þrífst; myndlist, tónlist, hönnun og annað skapandi starf. Útlán á bókum hefur dregist saman undanfarnin ár sem á sér líklega orsök í framboði af raðbókum, hljóðbókum og öðru efni sem aðgengilegt er á netinu. Þetta er ný áskorun sem gaman verður að takast á við. Hljóðbækur eru að sækja í sig veðrið sem kann að orsakast af því að oft getur verið erfitt fyrir önnum kafid fólk að setjast niður við lestur. Með tilkomu hljóðbókanna opnast möguleikar til þess að njóta lesefnis við aðra iðju eða þegar fólk er að fara á milli staða. Möguleikarnir eru margir að því leyti.“ Soffía segir einnig tækifæri á Seltjarnarnesi í samvinnu og samnýtingu stofnana. „Ég finn fyrir miklum krafti og áhuga meðal stofnanna, félagasamtaka, fyrirtækja og einstaklinga á Nesinu þegar kemur að viðburðum sem ég hef staðið fyrir. Við eigum fallett félagsheimili, kirkjan státar af góðum tónleikasal og ég sé tækifæri á að nýta fleiri rými undir menningartengda starfsemi þegar fram í sækir. Starf mitt felst ekki síður í því að vekja athygli á því góða starfi sem fram fer innan bæjarins. Ég verð að segja að áður en ég tók til starfa saknaði ég þess oft að sjá ekki fréttir af bænum okkar í fjölmiðlum þegar ég vissi hversu öflugt starf var verið að vinna þar. Ég hef mikinn áhuga á að breyta þessu og hef unnið markvisst að því. Ég hef átt góð samskipti við fjölmiðla í gegnum tíðina sem nýttist mér í starfi mínu núna sem sviðsstjóri samskiptasviðs.“

Erum að teygja okkur til fleira fólks

Og nú á að fara að halda menningarhátíð. „Já – Menningarhátíð Seltjarnarness er haldin annað hvert ár. Er svokallaður tvíværur og nú í haust, dagana 10. til 13. október ætlum við að efna til fjölbreyttar menningardagskrár. Áður en ég hóf að skipuleggja dagskrána byrjaði ég á því að fá til liðs við mig valinkunna einstaklinga úr bæjarlífinu sem tengdust eða starfa að menningu og listum á einhvern hátt til að heyra hvaða efnistöð þeim þættu mikilvæg á menningarhátíðinni. Við eigum mikið af góðu listafólki á Nesinu og það komu margar hugmyndir fram á sjónarsviðið. Eitt af því sem kom fram var að fólk vildi sjá samstarf eldri og yngri bæjarbúa og einnig þar sem hægt væri að tengja vísindi og listir með einhverju móti. Þetta verður því hátíð með aðeins öðru sniði en áður. Ekki eins hátimbruð ef svo má segja en á að geta orðið skemmtileg nálgun. Ef ég á að drepa að lokum á nokk-

ur atriði langar mig að nefna Siggu Heimis bæjarlistamann, sem ætlar að setja saman hönnunarsmiðju yngri og eldri bæjarbúa. Við opnun hátíðarinnar verður opnuð sýning á málverkum Valgarðs Gunnarssonar í Eiðissskeri og á sama tíma verður sam-sýning sextán Seltirninga, Milli bóka, opnuð á Bókasafninu. Í safnhúsinu (fyrrum lækningaminjasafni) verður upplifunargjörmingur sem Sigtryggur Baldursson og Stjórnuskoðunarfélag Seltjarnarness stýra að kvöldi opnunardagsins, Björnsbakarí býður bæjarbúum í morgunkaffi á Eiðistorgi á laugardagsmorgni þar sem óvæntir hlutir munu gerast.

Stórhátíðardagskrá helguð Guðrúnu

Sérstök stórhátíðardagskrá fyrir börn og fullorðna verður helguð rithöfundinum Guðrúnu Helgadóttur í Félagsheimilinu á laugardeginum og er hún unnin í samstarfi við Þjóðleikhúsið, en Guðrún fagnar um þessar mundir 40 ára rithöfundarafmæli.

Fram koma m.a. leikarar úr Óvitum, Vigdís Finnbogadóttir og fleiri. Í Bókasafninu verður boðið upp á privíða bókasmiðju og nemendur og eldri borgarar munu graffa í undirgöngum bæjarins á föstudag. Aðalstyrktaraðili hátíðarinnar, Íslandsbanki, mun bjóða upp á jass með Ara Braga á Eiðistorgi á föstudeginum og skipulagðar verða byggingarlistargöngur. Ungmennaráð Seltirninga, Systrasamlagid, Seltjarnarneskirkja og Sinfóníuhljómsveit áhugamanna leggja hátíðinni einnig lið, en á loka-degi hátíðarhaldanna verður tónleika- og fjölskyldudagskrá í félagsheimilinu þar sem fram koma meðal annars þrjár kórur af Seltjarnarnesi, Selkórinn, Ari Eldjárn og söngvarinn Valdimar og hljómsveitin Útidúr. Dagskráin er aðgengileg á heimasíðu bæjarins. Ég er spennt að sjá hvernig tekst til með þetta nýja form menningarhátíðar vegna þess að með því erum við að stíga svolítið út fyrir hinn hefðbundna ramma en í von um að teygja okkur til fleira fólks,“ segir Soffía Karlsdóttir að lokum.

Eru tryggingarnar þínar í lagi?



Kristinn Rúnar Kjartansson
kristinnk@vis.is
Sími 560 5155 | GSM 820 0762

Býð faglega tryggingaráðgjöf og tilboð í tryggingar fyrir bæði einstaklinga og fyrirtæki.

Það er mikilvægt að tryggingarnar séu í takt við þarfir þínar eða fyrirtækis þíns hverju sinni.

Hafðu samband og ég fer yfir málin með þér.

VÍS – þar sem tryggingar snúast um fólk



Í forystu allan tímann!

GRUNDFOS®

TA HYDRONICS

Flamco



ÍSLEIFUR JÓNSSON

Draghalsi 14 - 16
110 Reykjavík

Sími 4 12 12 00
www.isleifur.is

Tapas-barinn 13 ára:



Bento Costa Guerreiro (í miðju) ásamt frábæru starfsfólki sínu heldur hátíðlegt 13 ára afmæli Tapas-barsins núna í október.

Og þér er boðið í veislu

Öll vitum við að veitingastaðir eru misvel sóttir, nýir birtast og aðrir hverfa af sjónarsviðinu. Svo eru aðrir sem lifa við góðan orðstír svo árum og áratugum skiptir. Það er ekki að ástæðulausu að Tapas-barinn heldur nú uppá 13 ára afmæli sitt um þessar mundir. Tapas-barinn er einn vinsælasti veitingastaður borgarinnar. Þar kemur margt til. Notalegt andrúmsloft, frábær matur, verði stíll í hóf og frábær þjónusta.

Sjálfr afmælisveislan er haldin 21. og 22. október, með sérstökum tilbodsverðum þar sem 10 vinsælustu tapasréttirnir eru aðeins á kr. 590.- hver réttur, Spænskt Cava glas á 490 kr., Peroni bjórinn á kr. 590.- og léttvinsglasið á kr. 690.- Svo fá allir sneið af hinni margrómuðu og ljúffengu súkkulaðitertu Tapas í eftirrétt.

Í fyrra á 12 ára afmælinu komu um 2000 gestir á meðan hátíðin stóð. Að vanda heldur Tapas-barinn uppá afmælið á veglegan hátt með frábæru happdrætti fyrir alla þá sem koma í

heimsókn fram að og yfir afmælisdagana. Til að taka þátt í happdrættinu er nóg að líta við og fylla út happdrættismiða á staðnum. Ekki er nauðsynlegt að fá sér að borða.

Vinningarnir eru sérstaklega veglegir eins og síðustu ár. Fyrsti vinningur er Draumaferð í eina viku fyrir tvo til Teneriefe þar sem allt er innifalið (All inclusive). Verðmæti ferðarinnar er um 400.000.- krónur. Annar vinningur er 1 stk. iPad2 og síðan fjöldi góðra og skemmtilegra vinninga svo sem námskeið í salsa-dönsum, út að borða og nokkrir heilir kassar af eðalvínnum.

Það má enginn láta 13 ára afmæli Tapas-barsins framhjá sér fara. Bara mæta. Fylla út happdrættismiða og hver veit nema heppnin sé á næsta leiti?

Við óskum Tapas til hamingju með 13 ára afmælið og hvetjum lesendur til að heimsækja Tapas-barinn og taka þátt í hátíðinni sem stendur til 22. október.

SYSTRASAMLAGIÐ

VERSLUN OG KAFFIHÚS...



...með gæða lífrænt kaffi og te, heilsudrykki, slikkerí, croissant, þeytinga, chiagraut, ásamt vítamínum, snyrtivörum, ilmvötum, jógafatnaði, jógadýnum og fylgihlutum sem og öðrum árstíðarbundnum vörum.

Afgreiðslutími: Virkir dagar 8 - 18
Laugardagar 10 - 16

SAMFLOT í Sundlaug Seltjarnarness alla mánudaga kl. 20.00.

Suðurströnd 10, Seltjarnarnesi

Fyrir neðan sundlaugina og World Class.

Sími : 511 6367 www.facebook.com/Systrasamlagid

UMHVERFISHORNIÐ

Umhverfisviðurkenning



Á myndinni eru Birgir Ásgeirsson fiskisali á Vegamótum og Kristín Thelma dóttir hans.

Nýlega veitti umhverfisnefnd Seltjarnarness hjónunum Guðbjörgu Ruth Kristjánsdóttur og Birgi Ásgeirssyni, sem reka fiskverslumina Vegamót, umhverfisviðurkenningu. Að hvatningu umhverfisnefndar og til að svara kalli samtímans um umhverfisvernd ákváðu þau að nota vaxborinn pappír undir fiskinn í stað frauðplastbakka. Þau segjast þó eiga eftir að finna lausn á umbúðum fyrir tilbúna fiskrétti sem eru í legi eða sósam. Frauðplastbakkarnir eru ekki einungis lengi að eyðast í umhverfinu heldur eru þeir líka mjög plássfrekir. Birgir segir að við breytinguna hafi pláss aukist til muna. Birgir hvetur viðskiptavinum sína til að koma með eigin fót og bakka sem hægt er að afgreiða fiskinn beint ofan í.

Þrífið eftir hundana

Í síðasta blaði Fréttatímans er viðtal við Hönnu Arnórsdóttur, dýralækni hjá Dýraspítalanum. Þar kemur fram að mikilvægt sé að hundar gangi aldrei lausir í þéttbýli og aðeins þeir sem hafi aldur og burði til fari með hunda í gönguferðir og aldrei börn yngri en tólf ára. Hanna giskar á að um 70% vandamála sem koma upp í tengslum við hunda úti við, séu tilvik þar sem lausir hundar valda ónæði, til dæmis með því að skíta í garða. Svo eru líka margir hræddir við hunda sem enginn stýrir.

Vegna ítrekaðra umkvartana vill umhverfisnefnd hvetja hundaeigendur sem ganga með hunda sína um Seltjarnarnesið að þrífa upp skit eftir þá.

F.h. umhverfisnefndar,
Margrét Pálsdóttir, formaður



NES FRÉTTIR

Auglýsingasími: 511 1188

www.borgarblod.is

Í líkamsrækt í vinnunni



Ágúst Fannar Leifsson, einn af starfsmönnum Áhaldahúss Seltjarnarness, fer sæll og glaður í útréttingar á vegum bæjarins á nýjum fararskjóta sem bærinn hefur nýlega fjárfest í. Hjólið er með vagni og því afar hentugt til flutnings á léttari efni sem flytja þarf á milli staða.

Með því að hjóla í ýmis léttari erindi og viðvik leysir það starfsmenn áhaldahússins undan notkun á bæjarbifreiðum sem sparar

umtalsverðan kostnað. Almennt eru vegalengdir stuttar á Seltjarnarnesi, en ef á móti blæs, eins og stundum vill verða á Nesinu, þá getur Ágúst auðveldlega létt undir með sér og virkjað rafbúnaðinn á hjólinu. Starfsmenn Áhaldahúss Seltjarnarness eru ánægðir með þennan nýja flutnings- og ferðavalkost, sem auk þess að vera umhverfisvænn, er fyrirferðarminni en bifreiðarnar, mun sparneytnari og auk þess góð líkamsrækt.

Tekið á því í leikfimi



Íþróttakennararnir Sissi og Metta hafa heldur betur lífgað upp á útsýnið hjá starfsmönnum bæjarskrifstofu Seltjarnarnesbæjar, en undanfarið hafa þau mætt með hópa úr grunnskólunum og látið þau taka á því í tröppunum sem liggja upp Plútóbrennkuna. Krakkarnir taka þessari nýbreytni vel og fara létt með verkefni sem fyrir þau eru lögð.

Landey býður til sölu eignir á:

Seltjarnarnesi



Landey býður til sölu eignir sínar við Bygggarða og Sefgarða á Seltjarnarnesi. Um er að ræða alls um 4.850 m² húsnæðis og 22.700 m² af lóðum.

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu félagsins Hátúni 2b í síma 594 4210, netfang: landey@landey.is

Meistararnir í Mýró



Október er meistaramánuður og krakkarnir í 5.-HGO ákváðu að taka þátt. Þeir hafa sett sér háleit markmið um að vera jákvæð, hjálpa til heima og standa sig vel í skólanum, en umfram allt að hafa gaman. Þetta eru flottir krakkar og við óskum þeim góðs gengis.



rafmagn@mi.is

Geri við allar tegundir startara, alternatora, beinar innspýtingar, rafmagn í bílum og bátum.

Sævar

Bíla- og bátarafmagn

Sími 561-1466 - Kirkjubraut 13, Seltjarnarnesi

Allt að 100 manns í hverjum zumbatíma

Dans og Jóga, öðru nafni Danssmiðjan hefur starfað í 20 ár og er með starfseminu í Valsheimilinu að Hlíðarenda með Zumba og Krakka- gleði í Gamla salnum og með línudans og samkvæmsdansa í veislusalnum. Einnig er Danssmiðjan með jóгатíma í jóगतöðinni Andartaki í Skipholti. Eigendur og helstu kennarar eru hjónin og Seltirningarnir Theódóra S. Sæmundsdóttir og Jóhann Örn Ólafsson.

„Við erum m.a. að kenna Zumba sem er mjög vinsælt og hefur algjörlega slegið í gegn að undanförunu. Við reynum að hafa sporin nógu einföld svo hver og einn geti dottið inn í tíma með lítilli fyrirhöfn. Í hvern Zumbatíma eru að koma á bilinu 70 til 120 manns. Fólk kemur í þessa tíma af því það hefur ánægju af því að dansa, en það fær einnig út úr því mikla líkamsrækt. Til okkar í dans-tíma kemur fólk á öllum aldri, krakkar koma oft með foreldrum sínum en svo er einnig eldra fólk, jafnvel allt upp í áttræðisaldur en það fara bara allir á sínum hraða, líkt og þegar fólk fer út að skokka, það gera allir á sínum hraða. Ekki er nauðsynlegt



Theódóra S. Sæmundsdóttir og Jóhann Örn Ólafsson.

að byrja á Zumba námskeiði bara á haustin, hægt er að detta inn í tíma hvenær sem er. Við kennum einnig línudans og hefðbundna samkvæmsdansa. Í haust erum við að endur-vekja námskeið fyrir yngstu börnin „Krakkagleðina“ þar sem þau læra að dansa eftir lögum sem þau þek- kja, t.d. Húsamúsina úr Dýrunum í Hálsaskógi sem er vals,” segja þau Theódóra og Jóhann Örn.

Í haust verður einnig byrjað á fjög- urra vikna byrjendanámskeiði í sam- kvæmsdönsum fyrir hjón og pör og eftir það er hægt að koma inn í tíma til að læra meira eða rifja upp.

NES FRÉTTIR

Auglýsingasími: 511 1188

www.borgarblod.is

NÝTT HAFAKEX

ilmandi **ÍSLANDSKEIÐ KEX smiðjan** ljúffengt

ÞÚ ÁTT ÞAÐ SKILIÐ – NJÓTTU

⊖ HÁGÆÐI.IS

HÚSAVIÐGERÐIR.IS
FLÍSALAGNIR.IS



100% endurgreiddur vsk af vinnu

Sími: 565-7070



Stólpar

www.stolpar.is

Hrólfsskálamelur 10-18



Svona á lífið að vera

Þægindi og öryggi eru lykilorðin í hönnun íbúðanna á Hrólfsskálamel. Þú finnur það allt frá því að þú leggur bílnum í rúmgott bílastæði í björtum og hljújum bílakjallara og þar til þú sest með kaffibollann á rúmgóðum svölum.

Íbúðunum verður best lýst sem einbýli í fjölbýli. Fáar, vel skipulagðar íbúðir í hverjum stigagangi og fáir um hverja lyftu. Að innan skarta íbúðirnar mikilli lofthæð og gólfisíðum gluggum. Útsýnið er einstakt, yfir Reykjanesið um suðurgluggana og Faxaflóann með fjallgörðum sínum til norðurs.

Öll þjónusta og verslun er í göngufæri og eitt fegursta útivistarsvæði landsins innan seilingar.



Gróttu er einstakur staður og ómetanlegt að í jaðri borgarinnar sé hægt að njóta slíkrar náttúruferugurðar og kyrrðar. Gönguferðir, hlaup eða hjólatúrar með viðkomu við Gróttu og jafnvel sjósundi eru nærandi fyrir líkama og sál. Í göngufjarlægð frá Hrólfsskálamel er Sundlaug Seltjarnarness og líkamsræktarstöð World Class.

Þar er hægt að taka vel á því eða láta þreytuna líða úr sér í góðum félagsskap. Í næsta nágrenni eru matvöruverslanir, vínbúð, bókasafn, heilsugæsla og grunn- og leikskólar. Miðbær Reykjavíkur er aðeins í nokkurra mínútna akstursfjarlægð.

Yst á Seltjarnarnesi er einn fegursti golfvöllur landsins þótt víðar væri leitað. Aðstaða og umhverfi er til fyrirmyndar og ekki skemmir fyrir að golfvöllurinn er fimm mínútna bíltúr frá Hrólfsskálamel. Svona á lífið að vera.

 **EIGNAMIÐLUN**
588 9090 • www.eignamidlun.is • Síðumúla 21 • 108 Reykjavík

Frá 1957
Sala fasteigna í **55** ár
Elsta starfandi fasteignasala landsins



Sverrir Kristinsson, framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali | Guðmundur Sigurjónsson, lagfræðingur, lögg. fasteignasali | Þorleifur St. Guðmundsson, lögg. fasteignasali | Kjartan Hallgeirsson, lögg. fasteignasali | Geir Sigurðsson, lögg. fasteignasali | Hilmar Þór Hafsteinnsson, lögg. leiðumálarí, lögg. fasteignasali | Magnús Geir Pállsson, sölumaður | Þórarinn M. Friðgeirsson, lögg. fasteignasali | Gunnar Helgi Einarrson, lögg. fasteignasali | Reynir Björnsson, lögg. fasteignasali | Jóhanna Valdimarsdóttir, gjálkeri | Elin Þorleifsdóttir, ritari | Ásdís H. Júlíusdóttir, ritari | Guðrún Magna Arnadóttir, ritari



Aron og Fanney á verðlaunapalli



Kraftlyftingafólkið Aron Teitsson og Fanney Hauksdóttir.

Fyrir í sumar kepptu Aron Teitsson og Fanney Hauksdóttir bæði á Heimsmeistaramótum. Aron keppti í klassískum kraftlyftingum í bekkpressu, en keppnin var haldin í Suzdal sem er í Rússlandi, Fanney keppti á Heimsmeistaramóti unglunga sem fór fram í Litháen.

Eftir að mótinu lauk kom í ljós að einn af þeim keppendum sem höfðu lent ofar en Aron hafði neytt ólöglegu lyfja og var því dæmdur úr leik. Aron færirist því upp í 3. sæti

og hlýtur þar með bronsverðlaun á þessu heimsmeistaramóti í klassískum kraftlyftingum. Fanney Hauksdóttir keppti í bekkpressu á HM unglunga í Litháen og hafði lent í 4. sæti. Sigurvegarinn í hennar flokki féll á lyfjaprófi og því færirist Fanney upp í 3. sæti og er því bronsverðlaunahafi á þessu heimsmeistaramóti. Þetta er glæsilegur árangur hjá þessu frábæra keppnisfólki, en leitt að þau hafi ekki fengið að njóta þess að stíga á verðlaunapallinn á sjálfu mótinu.

Fótbolti fyrir leikskólakrakka

Eins og undanfarin ár mun Gróttu bjóða upp á æfingar fyrir krakka á leikskólaaldri (fædd 2008 og 2009). Í vetur verður æft kl. 9:30 - 10:30 á laugardögum í stóra sal íþróttahússins en í sumar verða tvær æfingar í viku á Gróttuvelli.

Lögd verður áhersla á að kynna fótboltann fyrir krökkunum á skemmtilegan hátt og kenna helstu undirstöðuatriði íþróttarinnar. Björn Valdimarsson og Sturlaugur Haraldsson munu stýra flokknunum en þeir leika báðir með meistara-



flokki Gróttu og hafa góða reynslu af þjálfun barna. Öllum er velkommið að mæta og prófa æfingar hjá 8. flokki og eru stelpur sérstaklega hvattar til að koma.

Jens Elvar nýr yfirþjálfari knattspyrnudeildar

Jens Elvar Sævarsson er nýr yfirþjálfari yngri flokka knattspyrnudeildar Gróttu en hann tekur við starfinu af Úlfi Blandon sem minnkar nú við sig þjálfun.

Jens er Gróttumönnum að góðu kunnur en hann var spilandi aðstoðarþjálfari meistaraflokks í sumar þegar Gróttuliðið var hársbreidd frá því að tryggja sér sæti í 1. deild. Jens hefur þjálfað knattspyrnu í rúman áratug, fyrst hjá yngri flokkum Þróttar og síðar meistaraflokka Hvatar og Reynis frá Sandgerði. Ásamt því að gegna starfi yfirþjálfara heldur Jens áfram með meistaraflokk og mun stýra 2. flokki karla ásamt Magnúsi Erni Helgasyni.



Jens Elvar Sævarsson.

Bikarskápanir gerðir hreinir

Hópur foreldra og iðkenda í handknattleiksdeild Gróttu tóku nýlega að sér að þrifa og grisja bikarskáp deildarinnar. Nú er nýtt keppnistímabil að hefjast og vissara að hafa rými fyrir alla þá bikara sem deildin stefnir að því að vinna í vetur.

Handknattleiksdeild Gróttu var stofnuð 1969 og fyrsti stóri áfanginn í sögu deildarinnar var þegar liðið vann sér sæti í efstu deild árið 1974. Síðan þá hafa margir góðir sigrar unnist og deildin alið upp mikið af besta handboltafólki landsins. Við hlökkum til að sjá fleiri góða sigra á handboltavellinum í vetur.



Bikarnir þúsáðir.

Fullur vörubíll af dósum

Iðkendur og aðstandendur fimleikdeildar Gróttu gengu í hús á Seltjarnarnesi 24. september sl. og söfnuðu dósom og flöskum til fjárflounar fyrir deildina. Þátttakan í söfnuninni var með því besta sem elstu menn og konur fimleikadeildarinnar muna eftir enda veður með endemum gott.

Mikið safnaðist og það var troðfull vöruflutningabifreið sem yfirgaf íþróttahús Gróttu að söfnuninni lokinni. Söfnunarupphæðin mun svo renna til áhaldakaupa fyrir deildina. Stjórn fimleikadeildarinnar vill þakka öllum, bæði iðkendum og foreldrum, sem þátt tóku í söfnuninni fyrir yndislegan og árangursríkan eftirmiðdag. Þá vill stjórnin síðast en ekki síst þakka Seltirningum fyrir að taka vel á móti börnunum og stuðninginn við deildina.

Næsta dósasöfnun verður í nóvember og hlökkum við til að sjá alla aftur jafn hjálpfusa og glaðbeitta og síðastliðinn þriðjudag. Hver veit nema okkur takist að gera enn betur þá!



GETRAUNANÚMER
GRÓTTU ER
170

Spjaldtölvur í grunnskólann

Grunnskóli Seltjarnarness hefur fengið 10 spjaldtölvur til notkunar í tilraunaverkefni varðandi notkun spjaldtölva í skólastarfi.

Markmið verkefnisins eru: að gefa kennurum og þroskaþjálfum tækifæri til að skoða þá möguleika sem notkun spjaldtölva í kennslu og þjálfun hefur upp á að bjóða, að kanna hvernig nýta má upplýsingatækni enn frekar fyrir nemendur og kennara í námi og kennslu, og að koma auga á hvernig spjaldtölvur geta gagnast kennurum og þroskaþjálfum í skólastarfi.

Áætlað er að verkefnið taki um fjóra mánuði og að við lok þess í febrúar 2014 verði lögð fram samantekt á reynslu kennara/starfsfólks ásamt álitum þeirra á því hvernig megi nýta



spjaldtölvur til framþróunar kennsluhátta og skólastarfs. Verkefnið er þannig hluti af þróun á nýtingu upplýsingatækni í kennslu/þjálfun og búnaðar og verða niðurstöður samantektarinnar hafðar til hliðsjónar við frekari ákvarðanatöku Seltjarnarnesbæjar í þeim efnum.



Flestallir krakkarnir úr Valhúsaskóla tóku þátt í skólahlaupi skólans sem fram fór þriðjudaginn fyrsta október sl. Hlaupadrottning Valhúsaskóla 2013 varð Hanna Rakel Bjarnadóttir í 10. bekk-HDB sem hljóp á 13,53 sek. og hlaupakóngur varð Kristján Guðjónsson í 10. bekk-HDB sem hljóp á 10,59 sek.

SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins er Arnhildur Anna Árnadóttir, hún æfir kraftlyftingar með Gróttu. Hún tók þátt í Norðurlandamóti unglunga þar sem hún varð fjórða yfir mótið. Hún keppti einnig á EM unglunga í Prag í apríl. Í ágúst keppti hún á HM unglunga í Texas og varð sjötta í sínum flokki í samanlögðu og fjórða í réttstöðulyftu. Einnig bætti hún eigið Íslandsmet í hnébeygju og setti nýtt Íslandsmet unglunga í réttstöðulyftu og jöfnun á meti í samanlögðu. Hún var stigahæsti unglingurinn á Íslandsmeistararamóti í réttstöðulyftu í sept. sl. Arnhildur stundar nám í sálfræði við Háskóla Íslands.

Fullt nafn? Arnhildur Anna Árnadóttir.

Fæðingardagur og ár? 23. júní 1992.

Starf? World Class Seltjarnarnesi.

Farartæki? Grár Toyota Auris.

Helstu kostir? Gláðværd og laus við reiðiköst, hef ríkan vilja til að gera betur og mæður mínar segja mig góða fyrirmynd.

Eftirlæti matur? Nautakjöt með bernaise.

Eftirlæti tónlist? Aðallega Rn'b og Daft punk.

Eftirlæti íþróttamaður? Fanney Hauksdóttir góðvinkona mín, en hún er sú þriðja sterkasta í heiminum í bekkpressu. Borghildur og Arndís María Erlingsdætur eru líka í miklu uppáhaldi en þær eru réttstöðusnillingar með meiru. **Skemmtilegasta sjónvarpsefnið?** Fóstbræður, Desperate Housewives, fræðsluþættir um fangelsi í heiminum og Modern family.

Besta bók sem þú hefur lesið?

Ég er snillingur í að byrja á bókum og klára þær ekki, en Lean In eftir Sheryl Sandberg byrjar vel þessa dagana.

Uppáhalds leikari? Colin Firth er í uppáhaldi. Kannski því hann minnir mig svo á þabba minn.



Besta kvikmynd sem þú hefur séð? Shawshank Redemption.

Hvað gerir þú í fristundum þínum?

Ég eyði tíma með fjölskyldu og vinum. Og jú, lyfta.

Fallegasti staður sem þú hefur komið á? Gróttu í fallegu sólsetri toppar aðra fallega staði í heiminum sem ég hef komið á.

Hvað metur þú mest í fari annarra? Húmor og jákvæðni.

Hvern vildir þú helst hitta?

Ég hefði verið til í að hitta Steve Jobs.

Uppáhalds vefsíða? Youtube.

Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf? Kött. Móður minni til mikillar gleði.

Hvað myndir þú gera ef þú ynnir 5 milljónir í happdrætti? Ferðast um heiminn.

Hvað myndir þú gera ef þú værir bæjarstjóri í einn dag? Ég myndi opna flotta lyftingaraðstöðu fyrir Kraftlyftingadeild Gróttu og vera hress.

Að hverju stefnir þú í framtíðinni? Að verða besta útgáfan af sjálfri mér!

Hvað gerðir þú í sumarfríinu?

Ég var í Barcelona í mánuð hjá fjölskyldunni minni. Ég vann í Sundlaug Seltjarnarness, æfði, ferðaðist um landið og fór með fjölskyldunni í veiði. Í lok sumars fór ég til Texas að keppta á Heimsmeistararamóti unglunga í kraftlyftingum.

Fíkjubitar

35%
gráfíkjur



www.fronkex.is

NÝTT góðgæti frá Frón



kemur við sögu á hverjum dægi

NES FRÉTTIR


www.borgarblod.is



Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

Opnunartímar:

Mánud. Þriðjud og Miðvikud.
12:00 til 15:00
Fimmtudaga
12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30
Föstudaga
13:00 til 19:30
Laugardaga og Sunnudaga
13:00 til 18:00
Skólar og sérhópar: Mánudag til föstudags
10:00 til 15:00



MENNINGARHÁTÍÐ

10.10.13

13.10.13

SELTJARNARNESS




FIMMTUDAG 10.10.2013

KL. 17 – 19 BÓKASAFN SELTJARNARNESS - SETNING OG SÝNINGAOPNANIR

Sýningaropnun á verkum Valgarðs Gunnarssonar í Eiðisskeri.
Sýningaropnun á Milli bóka þar sem sextán læriðir og leikir listamenn af Seltjarnarnesi sýna verk á hefðbundnum og óhefðbundnum stöðum. Sýningarstjóri Ásdís Kalman.

KL. 20 – 21 SAFNHÚS* VIÐ SAFNATRÖÐ - SIGTRYGGUR OG STJÖRNURNAR

Fjölskylduviðburður þar sem Sigtryggur Baldursson og Stjörnskóðunarfélag Seltjarnarness leiða gesti um undraheima tónlistar og stjarna ásamt Guðmundi Vigni Karlssyni og Ara Braga Kárasyni trompetleikara. Einnig leika Ari Bragi og Eypór Gunnarsson píanóleikari saman.

KL. 20 – 22 BORHOLUHÚS VIÐ BYGGGARÐA - ÚTIBÍÓ

Vídeólistaverkið Ein hreyfing eftir Kristínu Gunnarsdóttur.

SUNDLAUGIN ALLA HÁTÍÐINA - HANNAÐ ÚT FYRIR RAMMANN

Sýning á verkum úr smíðju sem Sigga Heimis bæjarlistamaður Seltjarnarness vann með eldri borgurum og grunnskólanemendum.

*áður lækningaminjasafnið

FÖSTUDAG 11.10.2013

KL. 12 – 14 GRAFFAÐ Í UNDIRGÖNGUM

Myndlistarmennirnir Karlotta Blöndal og Hildigunnur Birgisdóttir vinna með eldri borgurum og grunnskólanemum að gerð graffitiverks í undirgöngunum við Björnsbakarí.

KL. 15:30 – 16:30 DJASS Í BODI ÍSLANDBANKA
Íslandsbanki, aðalstyrktaraðili Menningarháttíðar Seltjarnarness, býður upp á lífandi tónlist fyrir framan bankann. Heið á könnunni og með því.

KL. 17:30 – 19 UNGMENNARÁÐ - SKELIN

Dagskrá í tilefni af formlegri opnun á Skelinni, nýju ungmennahúsi á Seltjarnarnesi, staðsettu við Selíð.



LAUGARDAG 12.10.2013

KL. 9:30 – 11:30 EIDISTORG - MORGUNVERÐARBOD BJÖRNSBAKARÍS

Björnsbakarí býður öllum bæjarbúum í veglegt morgunverðarhlaðborð. Óvæntar upptökur.

KL. 10 – 16 BÓKASAFN SELTJARNARNESS - MILLI BÓKA

Læriðir og leikir listamenn, sem eiga verk á sýningunni, bjóða upp á leiðsögn.

KL. 11 – 13 BÓKASAFN SELTJARNARNESS - BÚUM TIL BÆKUR

Bókasmíðja fyrir 6-11 ára börn undir stjórn Ásdísar Kalmans þar sem þrívíð bókverk verða gerð út frá bókum Guðrúnar Helgadóttur. Sýning tengd Guðrúnu verður opin og gefraun á vegum Forlagsins í gangi.

KL. 13 – 16 OPNAR VINNUSTOFUR

Guðrún Einarsdóttir	Fiskislöð 45L, norðurhlíð
Kristín Pálmadóttir	Melabraut 21
Ragna Ingimundardóttir	Nesvegi 109
Sigríður Heimisdóttir	Grandagarði 19
Sigurður Kr. Árnason	Miðbraut 12
Þórhildur Jónsdóttir	Lindarbraut 26

KL. 14 – 16 FÉLAGSHEIMILI SELTJARNARNESS - ÓVITAR OG ANNAD FÓLK

Hátíðardagskrá í samstarfi við Þjóðleikhúsið fyrir börn og fullorðna í tilefni af 40 ára rithöfundarafmæli hins ástsæla barnabókahöfundar Guðrúnar Helgadóttur. Leikarahópur úr Óvitunum syngur og segir frá sýningunni, sem frumsýnd verður daginn eftir í Þjóðleikhúsinu. Fram koma góðir gestir m.a. Vigdís Finnbogadóttir, Gunnar Helgason, Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir, Helga Sverrisdóttir, Hildur Knútsdóttir og Ármann Jakobsson. Dagskrárstjóri er Þórdís Gísladóttir. Börn sem koma í gamalmannagervi fá ókeypis rjómatertu. Veitingasala.

SUNNUDAG 13.10.2013

KL. 10 – 11 SUNDLAUG - SUNDLAUGAFLOT MEÐ SÍGILDRI TÓNLIST

Klassísk tónlist er flutt neðanvatns. Flothettur verða lánaðar á staðnum.

KL. 10 – 12 SELTJARNARNESKIRKJA

Kl. 10 Fræðslumorgunn með Margrétu Hrefnu Sæmundsdóttur. Helgar meyjar í íslenskrí miðaldalíst. Kl. 11 Guðspjónusta. Opnun sýninga Soffíu Sigurjónsdóttur & Maríu Bjarnadóttur og Ingibjargar Hjartardóttur. Kaffiveitingar.

KL. 13 – 14 SAFNHÚS - BYGGINGARLISTARGANGA

Arkitektar Yrkis þær Sólveig Berg Björnsdóttir og Ásdís Ágústsdóttir segja frá safnhúsinu, sem var áður fyrirhugað lækningaminjasafni.

KL. 13 – 15 BÓKASAFN SELTJARNARNESS

Valgarður Gunnarsson verður í Eiðisskeri með leiðsögn allan daginn ásamt sýnendum á sýningunni Milli bóka í Bókasafninu.

KL. 13 – 16 OPNAR VINNUSTOFUR

Kristín Pálmadóttir	Melabraut 21
Ragna Ingimundardóttir	Nesvegi 109
Þórhildur Jónsdóttir	Lindarbraut 26

KL. 13:30 – 16 LYFJAFRÆÐISAFN - BYGGINGARLISTARGANGA

Gestir fá leiðsögn um bygginguna og innviði hennar.

KL. 15 – 16 SELTJARNARNESKIRKJA - BYGGINGARLISTARGANGA

Arkitektinn Hörður Harðarson leiðir gesti um bygginguna og varpar ljósi á hönnunina.

KL. 16 – 17:30 FÉLAGSHEIMILI - FJÖLSKYLDUDAGSKRÁ OG HÁTÍÐARLOK

Fimm frá Nesi leika og syngja gömul, góð, íslensk dægurlög.

Fjórir framúrskarandi fjölskylduleikarar þær Stefánía Gunnarsdóttir, Júnía Lín Jónsdóttir, Alma Katrín Einarsdóttir og Herdís Mjöll Guðmundsdóttir leika verk eftir Bacewicz og Teleman. Ari Eldjárn grínisti setur Seltjarnarnes undir spéspegilinn. Grunnskólakórar Seltjarnarness, kór eldri borgara og Selkórinn syngja með Valdimar Guðmundssyni. Fram koma einnig hljómsveitin Útídur, Friðrik Vignir Stefánsson organisti og Lárus Guðjónsson (Lalli töframaður). Stjórnandi er Inga Björg Stefánsdóttir.

KL. 18 SELTJARNARNESKIRKJA

Sinfónihljómsveit áhugamanna undir stjórn Oliver Kentish flytur verk eftir Mozart, Beethoven og Haydn. Einleikari er Hákon Bjarnason píanóleikari. Miðaverð kr. 2.000 / 1.000.

Allir viðburðir eru ókeypis og sniðin að öllum aldurshópum nema annað sé tekið fram.



SELTJARNARNESBÆR

Menningarnefnd
www.seltjarnarnes.is

